

Góðan dag,

Við höfum kynnt okkur frumvarpið.

Það eitt atriði sem við þurfum að fá á hreint varðandi 10.gr., sem er túlkun á skilyrði c.

10. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis til kennslu.

Til að fá útgefið skírteini sem heimilar kennslu í köfun þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. vera fullra 20 ára,
- b. standast með fullnægjandi hætti menntunar- og hæfniskröfur skv. 2. mgr.,
- c. **leggja fram staðfestingu um ábyrgðartryggingu frá váttryggingafélagi.**

Umsækjandi um skírteini sem heimilar kennslu í köfun skal hafa staðist viðeigandi menntunar- og hæfniskröfur. Skal hann leggja fram vottorð frá viðurkenndum aðila sem heimilar honum að sinna kennslu í köfun. Verði vottorð frá viðurkenndum aðila gert ógilt er Samgöngustofu heimilt að ógilda skírteini sem heimilar kennslu í köfun, sbr. 12. gr.

Samgöngustofa viðurkennir nám til kennslu í köfun hér á landi.

Nám til kennslu í köfun sem fram fer erlendis fullnægir lögum þessum enda uppfylli það alþjóðleg viðmið um menntunar- og hæfniskröfur sem Samgöngustofa viðurkennir.

Umsækjandi um skírteini sem heimilar kennslu í köfun, sem lokið hefur námi til kennslu í köfun erlendis hjá aðila sem uppfyllir skilyrði 4. mgr., skal leggja fram nauðsynleg gögn til staðfestingar á að hann hafi staðist með fullnægjandi árangri viðeigandi menntunar- og hæfniskröfur.

Nám til kennslu í köfun skal fullnægja þeim skilyrðum og stöðlum sem mælt er fyrir um í reglugerð til samræmis við þau réttindi sem skírteinin veita. Nám sem Samgöngustofa viðurkennir skal vera í samræmi við viðurkennda námskrá, sem m.a. tiltekur efni námsins, lengd þess, hæfi kennara og leiðbeinanda og fyrirkomulag námsmats.

Við sendum eftirfarandi athugasemd við 10.gr.:

*„...fara fram á að viðkomandi **fyrirtæki/aðili** sem kennir köfunarnámskeið, séu með viðeigandi tryggingar, ekki tryggingu fyrir sérhvern nemanda“*

Okkar fyrirtæki kennir reglulega köfunarnámskeið og er með allt að 25 köfunarkennara að störfum yfir háannatíma.

Fyrirtækið er með ábyrgðartryggingu frá váttryggingafélagi.

Við túlkum lögin þannig að umsækjandi sem starfar hjá fyrirtæki sem er með ábyrgðartryggingu, uppfylli skilyrði c. og þurfi ekki að sýna fram á persónulega ábyrgðartryggingu og það sé nóg að umsækjandinn sýni fram á ábyrgartryggingu þess fyrirtækis sem hann starfar hjá.

Er þetta ekki rétt túlkun ?

Hlökkum til að heyra frá ykkur,

Kveðja,

Hössi



Alþingi
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2018
Tilvísun: 1702022/0.7.6

Efni: Umsögn

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um köfun


Landhelgisgæsla Íslands fagnar því að athugasemdir stofnunarinnar við frumvarp til laga um köfun hafi verið að mestu teknar til greina. Hins vegar er ein athugasemd sem Landhelgisgæslan vill koma á framfæri. Hún snýr að 2. mgr. 2. gr., sem varðar gildissvið laganna en þar segir eftirfarandi: „Lög þessi gilda ekki um köfun í atvinnuskyni sem fram fer frá erlendu skipi vegna köfunar við eigið skip eða um köfun sem fram fer í tengslum við öryggisgæslu á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.“ Í athugasemdum við ákvæðið kemur svo fram að þar sé „um að ræða vísun í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands. Þessi undantekning er nýmæli en með henni er reynt að koma til móts við óskir Landhelgisgæslu Íslands um að starfsemi hennar í þágu öryggisgæslu á hafinu sé undanskilin gildissviði frumvarpsins.“

Landhelgisgæslan telur að það komi ekki nógu skýrt fram í 2. mgr. 2. gr. laganna að það verkefni Landhelgisgæslunnar að fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum getur stafað hættu af auk sprengjueyðingar á landi falli undir lögin. Þetta hlutverk Landhelgisgæslunnar kemur fram í 10. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006, en ekki er vísað til þess í athugasemdunum við frumvarpið. Þó má ætla að hluti af því að sinna öryggisgæslu hafinu sé einmitt að gera skaðlaus tundurdufl, sprengjur og annað slíkt, en oft er nauðsynlegt að framkvæma köfun við slík verkefni.

Við teljum því að réttara væri að taka það fram með skýrari hætti að verkefni kafara Landhelgisgæslunnar skv. 10. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/2006 falli einnig utan gildissviðs laga um köfun.

Að öðru leyti gerir Landhelgisgæslan ekki athugasemdir við frumvarpið svo fremi að samráð verði haft við stofnunina við setningu reglugerða á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst,


Helgi Brynjarsson
Lögfræðingur



Reykjavík, 2. maí 2018
Tilvísun: 1801067

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar vegna frumvarps til laga um köfun

Frá: Samgöngustofu

Vísað er til þingskjals 691 – 481. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, sendi Samgöngustofa athugasemdir í samráðsgátt þann 30. janúar 2018. Samgöngustofa vísar í fyrri umsögn og áréttar þau sjónarmið sem þar koma fram. Þá telur stofnunin nauðsynlegt að árétta nánar sjónarmið um gildissvið laganna og eftirlit þar sem þau sjónarmið stofnunarinnar hafa ekki ratað nema að takmörkuðu leyti í frumvarpið.

1. Gildissvið

Núgildandi lög um köfun einskorðast við leyfi til atvinnuköfunar. Þar eru tilgreind þau skilyrði sem sett eru til þess að fá útgefið skírteini til atvinnuköfunar. Gildissvið hins framlagða frumvarps er aftur á móti mun opnara og getur tekið til áhugaköfunar. Ekki þarf sérstök réttindi eða leyfi til að stunda áhugaköfun. Telur Samgöngustofa því nauðsynlegt að afmarka gildissvið laganna með skýrum hætti eins og lagt var til með umsögn stofnunarinnar á samráðsgátt þann 30. janúar 2018, nema það sé markmið þessara laga að fjalla að einhverju leyti um áhugaköfun.

2. Eftirlit

Í eftirlitsákvæði 11. gr. er að finna ákvæði sem mælir fyrir um heimild Samgöngustofu til að gera vettvangskannanir. Samgöngustofa leggst gegn slíku ákvæði. Ekki er ljóst að hverju slíkt eftirlit ætti að beinast. Öðru en að atvinnukafarar væru með gild atvinnuskírteini, sem er að mati Samgöngustofu afar ómarkviss leið til að viðhafa slíkt eftirlit. Samgöngustofa hefur ekki sinnt neinu staðbundnu eftirliti á vettvangi. Til þess að unnt sé að sinna þurfi slíku eftirliti þarf að koma til aukinn mannaflí og viðeigandi fjárveitingar, eins og áður hefur komið fram.

Í 6. gr. laga um Samgöngustofu er stofnuninni heimilaður aðgangur að starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila en mikilvægt er að árétta að köfun með ferðamenn er ekki leyfisskyld hvað Samgöngustofu varðar. Reglugerð um köfun gerir aðeins kröfu um að kennarar og leiðsögumenn séu handhafar viðeigandi atvinnuskírteina.

Vegna slysa í Þjóðgarðinum á Þingvöllum hefur Samgöngustofa lagst í átaksverkefni með Þjóðgarðinum. Hefur Þjóðgarðurinn m.a. ráðið verkataka til að gera könnun á aðstæðum við Silfru. Samgöngustofa býr sem fyrr segir ekki yfir mannafla né tæknilegri þekkingu til að gera slíkt vettvangseftirlit að föstum hluta sinnar starfsemi. Telur Samgöngustofa eðlilegt að starfsmenn Þjóðgarðsins, eða einhver á þeirra vegum, sinni eftirliti með þeirri starfsemi sem Þjóðgarðurinn býður upp á.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur þegar bent á að margir aðilar, sem bjóða upp á köfunarferðir falli undir lög um skipan ferðamála, oftast nær sem ferðaskipuleggjendur, sem mun til framtíðar gera kröfu um öryggisáætlun. Samgöngustofa telur hlutverkaskiptingu vegna köfunar í Þjóðgarðinum því vera nokkuð skýra þar sem Samgöngustofa fylgist með því að atvinnukafarar hafi gild skírteini, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fylgist með því að



ferðaskipuleggjendur hafi fullnægjandi öryggisáætlun og þjóðgarðurinn geri sett frekari staðbundnar reglur, enda sé öryggi innan svæðisins á ábyrgð þjóðgarðsins.

3. Önnur atriði

Skilgreining hugtaksins „köfun“ er að mati Samgöngustofu óskýr og of rúm í frumvarpinu. Skilgreining gildandi laga er að mati Samgöngustofu skýrari. Hætta er á að athafnir sem ekki ættu að falla undir köfun verði felldar undir svo rúma skilgreiningu, s.s. fríköfun eða yfirborðsköfun.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að sá sem kafi í atvinnuskyni skuli vera handhafi viðeigandi skírteinis sem Samgöngustofa gefur út. Í 7. gr. er handhöfum erlendra skírteina veitt heimild til að kafa hér á landi. Þessu tvö ákvæði eru ósamrýmanleg nema að Samgöngustofa gefi handhöfum erlendra skírteina út íslensk skírteini. Samgöngustofa áréttar því að réttara væri að stofnunin veitti erlendum skírteinishöfum áritun í stað þess að gefa út til þeirra sérstakt íslenskt atvinnuköfunarskírteini.

Að lokum þykir rétt að vekja athygli á ákvæði 3. mgr. 6. greinar þar sem mælt er fyrir um að læknir skuli tilkynna Samgöngustofu standist handhafi skírteinis ekki læknisskoðun. Þetta verklag er frábrugðið því sem almennt gildir og því lagt til að þetta ákvæði verði fellt í reglugerð, ef talið er rétt að viðhalda þessu verklagi.

Skrifstofa Alþingis
B.t. nefndasviðs Alþingis
Netfang: nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 1. júní 2018

Efni: Vegna frumvarps til nýrra laga um köfun.

Auglýsing birtist á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins 17. janúar sl. um að til umsagnar væru hjá ráðuneytinu drög að frumvarpi til laga um köfun í atvinnuskyni en frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 31/1996 um köfun. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sendi inn athugasemdir við frumvarpsdrögin 2. febrúar 2018 og fékk send uppfærð drög 20. mars 2018. Frumvarpið er komið til meðferðar nefndasviðs Alþingis sem hefur óskað eftir að teknar verði saman veigamestu athugasemdir þjóðgarðsins við frumvarpið og helstu sjónarmið. Að beiðni þjóðgarðsvarðar hafa eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið verið teknar saman.

1. Ekki nægilega skýrt að frumvarpið taki til yfirborðsköfunar.

Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum er nauðsynlegt að frumvarpið taki bæði til djúpköfunar og yfirborðsköfunar (snorkl) en gildandi lög nr. 31/1996 taka ekki til hins síðarnefnda. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1996 er köfun skilgreind með svofelldum hætti:

Köfun merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Samgöngustofa hefur á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 535/2001 um köfun sem sett er með stoð í lögum nr. 31/1996 sett fyrirmæli nr. 165/2013 vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þessi fyrirmæli innihalda öryggisreglur sem gilda bæði um djúp- og yfirborðsköfun og gilda jafnframt bæði um áhugakafara og ferðapjónustuaðila í Silfru innan þjóðgarðsins á Þingvöllum og voru sett vegna banaslysa við köfun í Silfru. Í 3. gr. fyrirmælanna er hugtakið yfirborðsköfun skilgreint með svofelldum hætti:

Með hugtakinu yfirborðsköfun er átt við allar aðrar athafnir manns sem fara fram á yfirborði og/eða undir yfirborði vatns óháð búnaði sem fellur ekki undir 2. gr. laga um köfun nr. 31/1996.

Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum er ekki nægilega skýrt að skilgreining laga nr. 31/1996 taki jafnt til djúp- og yfirborðsköfunar en verður að telja að það sé nauðsynlegt í ljósi fyrirmæla 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Í framkomnu frumvarpi virðist sambærileg skilgreining og í gildandi rétti á hugtakinu köfun vera lögð til grundvallar og hefur þjóðgarðurinn gert athugasemd við það. Lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu köfun verði með svofelldum hætti:

Köfun merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram í yfirborði og/eða undir yfirborði vatns eða sjávar og notast er við búnað sem gerir mönnum kleift að kafa.

Með þessu móti telur þjóðgarðurinn að komi nægilega skýrt fram að hugtakið köfun nái jafnt til djúp- og yfirborðsköfunar.

2. Frumvarpið tekur bæði til áhugaköfunar og atvinnuköfunar.

Upphaflega var ætlunin að frumvarpið tæki eingöngu til köfunar í atvinnuskyni en gildandi lög nr. 31/1996 um köfun taka bæði til áhuga- og atvinnuköfunar.

Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum er óeðlilegt að engin löggjöf taki til áhugaköfunar með tilliti til almannahagsmuna og varnaðaráhrifa. Lagt er til að sett séu fram skilyrði sem áhugakafarar verði að uppfylla til þess að mega stunda köfun. Ber m.a. leiðbeinendum og öðrum þeim aðilum er sjá um kennslu að athuga hvort viðkomandi áhugamaður fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru fyrir að mega stunda áhugaköfun. Þá er að mati þjóðgarðsins þörf á að setja heimild fyrir ráðherra til þess að kveða á um eftirlit með áhugaköfun í reglugerð.

3. Eftirlit Samgöngustofu.

Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum er nauðsynlegt að fjalla skýrlega um í frumvarpinu að Samgöngustofu beri að hafa eftirlit með því að greinum frumvarpsins og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þess verði framfylgt og að liggi ljóst fyrir að Samgöngustofa geti ekki undanþegið sig eftirlitsskyldu þar sem stofnunin hefur t.a.m. borið því við að henni beri ekki að hafa eftirlit með því að fyrirmælum nr. 165/2013 vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum sé framfylgt. Þá sé nauðsynlegt að eftirlitið taki jafnt til köfunar í atvinnuskyni og áhugaköfunar. Þjóðgarðurinn hefur hvorki sérþekkingu né reynslu til þess að halda úti eftirliti með köfun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum enda er slíkt eftirlit hluti af málefnalegu valdsviði Samgöngustofu.

4. Ekki tækt að undanskilja eftirlit með köfunarbúnaði gildissviði laganna.

Upphaflega tók frumvarp til nýrra laga um köfun aðeins til köfunar í atvinnuskyni. Í því samhengi var ákveðið að færa eftirlit með köfunarbúnaði frá Samgöngustofu undir gildissvið laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í ljósi þess að frumvarpið tekur nú bæði til köfunar í atvinnuskyni og áhugaköfunar er að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum ekki tækt að færa eftirlitið frá Samgöngustofu.

5. Ferðapjónustuaðilar bera ábyrgð á að þeir sem kafi á þeirra vegum fari að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum þarf að kveða skýrt á um að þeir sem bjóði upp á ferðir í köfun í Silfru í atvinnuskyni beri ábyrgð á að þeir sem kafi á þeirra vegum fari að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

6. Heimild til að setja öryggisreglur vegna köfunar í Silfru.

Líkt og að framan greinir hefur Samgöngustofa sett fyrirmæli um köfun í Silfru á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 535/2001. Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum er nauðsynlegt að styrkja lagaheimild framangreindra fyrirmæla með því að heimila ráðherra að setja öryggisreglur og reglur um takmörkun umferðar í reglugerð á grundvelli löggjafar um köfun. Að öðrum kosti er veruleg hættu á því að skortur á fullnægjandi lagaheimild leiði til þess að köfurum beri ekki lagaskylda til þess að framfylgja reglunum og að Samgöngustofu beri ekki að viðhafa eftirlit með því að þeim sé fylgt.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum bendir á að slík reglugerðarheimild kunni jafnvel að geta haft breiðari skírskotun þannig að hún nái einnig til annarra afmarkaðra svæða á landinu en þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Þjóðgarðurinn vill áréttu að Silfra er vinsælasti og fjölsóttasti staður landsins fyrir kafara og að aðstæður þar séu sérstaklega hættulegar má nefna að á síðasta ári köfuðu 56.682 einstaklingar í Silfru. (djúpköfun 4.581 og yfirborðsköfun 52.101) Því sé í öllu falli nauðsynlegt að reglugerðarheimild taki til köfunar þar.

7. Fangelsisrefsing vegna alvarlegra brota á greinum frumvarpsins.

Gerð er tillaga af hálfu þjóðgarðsins á Þingvöllum að brot gegn greinum frumvarpsins varði fangelsisrefsingu ef brot eru alvarleg líkt og kveðið er á um í gildandi lögum nr. 31/1996. Að mati þjóðgarðsins á Þingvöllum er nauðsynlegt að fangelsisrefsing liggja við alvarlegum brotum við greinum frumvarpsins enda undirliggjandi hagsmunir líf og limir fólks.

Virðingarfyllt,
f.h. þjóðgarðsins á Þingvöllum,



Lilja Jónasdóttir hrl.